

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

### 199. fundur

Föstudaginn 29. ágúst 2014 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Þönglabakka 4, Reykjavík og hófst hann kl. 8:35.

#### Mætt voru:

Bryndís Haraldsdóttir, Kristín Soffía Jónsdóttir, Theódóra S. Þorsteinsdóttir og Einar Birkir Einarsson. Bjarni Torfi Álfþórsson sat fundinn fyrir fulltrúa Seltjarnarness, Sigrúnu Eddu Jónsdóttur. Sigríður Hulda Jónsdóttir sat fundinn fyrir fulltrúa Garðabæjar, Almar Guðmundsson.

Fundinn sat einnig Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó.

Smári Ólafsson, sviðsstjóri Akstursþjónustu Strætó, sat hluta fundarins, þ.e. við yfirferð á liðum eitt og tvö.

Eyþóra Geirsdóttir lögmaður hjá borgarlögmanni og Hafliði R. Jónsson, ráðgjafi Strætó í útboðsmálum sátu hluta fundarins, þ.e. lið eitt.

Fundarritari var Bergdís I. Eggertsdóttir, verkefnastjóri Strætó.

#### Tekið fyrir:

### 1. Ferðþjónusta fatlaðs fólks; staða útboðs

Eyþóra Geirsdóttir lögmaður hjá borgarlögmanni, Hafliði R. Jónsson, ráðgjafi Strætó í útboðsmálum, og Smári Ólafsson, sviðsstjóri Strætó í Akstursþjónustu sátu þennan hluta fundarins.

Smári Ólafsson fór yfir og kynnti forsögu verkefnisins. Hafliði R. Jónsson kynnti stöðu máls sem komin er upp í útboðsmálum Ferðþjónustu fatlaðra, þar sem lægsti bjóðandi hefur óskað eftir að afturkalla boð sitt í verkhluta A útboðsins.

Stjórn Strætó fjallaði um erindið og ákvað að gera ekki athugasemdir við beiðni lægsta bjóðanda í útboði Ferðþjónustu fatlaðra um að afturkalla boð hans í verkhluta A.

### 2. FLEX þjónusta – skýrsla verkfræðistofunnar Mannvits

Smári Ólafsson, sviðsstjóri Strætó í Akstursþjónustu sat þennan hluta fundarins og kynnti hann skýrslu Mannvits. Ákveðið var að hvert sveitarfélag fyrir sig myndi fá Smára Ólafsson inn í sveitarfélögin til nánari kynningar á skýrslunni og um FLEX þjónustu almennt. Tímarammi kynninga og umræðna innan sveitarfélaganna er út árið 2014 og ætti umsögn að liggja fyrir að þeim tíma loknum.

### 3. Forsenduáætlun Strætó vegna fjárhagsáætlunar 2015

Formaður stjórnar rifjaði upp forsenduáætlunina og tilheyrandi minnisblöð sem liggja að baki áætluninni. Formaður hefur frá síðasta fundi rætt þessi mál innan allra sveitarfélaganna og er niðurstaða þeirrar vinnu að ekki sé hægt að verða við óskum stjórnenda Strætó um aukið framlag frá eigendum sínum, að svo stöddu. Stjórnin felur stjórnendum Strætó að endurrýna forsendurnar og gera drög að fjárhagsáætlun sem tekur mið af því.

### 4. Samgönguvika 2014 og aðkoma Strætó bs.

Framkvæmdastjóri kynnti aðkomu Strætó að Samgönguviku hingað til.

### 5. Strætó og reiðhjól

Framkvæmdastjóri kynnti reglur og aðkomu Strætó varðandi reiðhjól í strætisvögnum og einnig hvernig staðið er að þessum málum hjá nágrannaþjóðum okkar.

### 6. Innsent erindi frá Sjálfsbjörg

Sjálfsbjörg óskar eftir samvinnu um tilraunaverkefni til að auka notkun fatlaðra á strætisvögnum. Stjórnin telur verkefnið jákvætt og felur framkvæmdastjóra að vinna að framgangi þess. Stjórnin leggur jafnframt áherslu á að sveitarfélögin hafi aðkomu að verkefninu.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Næsti fundur stjórnar er ákveðinn 12. september 2014  
Fundir slitið kl. 10:30.

---

Bryndís Haraldsdóttir

---

Kristín Soffía Jónsdóttir

---

Theódóra S. Þorsteinsdóttir

---

Bjarni Torfi Álfþórsson

---

Einar Birkir Einarsson

---

Sigríður Hulda Jónsdóttir